

AUGLÝSING

um deiliskipulag hesthúsasvæðis á Stjórnarsandi, Skaftárhreppi.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkti á fundi sínum 11. janúar 2018 deiliskipulag hesthúsasvæðis á Stjórnarsandi.

Um er að ræða nýtt deiliskipulag á um 6,5 ha svæði á Stjórnarsandi. Gert er ráð fyrir nýju hesthúsahverfi, skeiðvelli og reiðhöll. Markmið deiliskipulagsins er að byggja upp og skapa góða aðstöðu til framtíðar fyrir hestamennsku í Skaftárhreppi.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Kirkjubæjarklaustri, 26. janúar 2018.

Óskar Örn Gunnarsson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 6. mars 2018